



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	11. febrúar 2019
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	BM/PE
Verkefni/tillaga:	Aðgerðaáætlun með velferðartæknismiðju 2018-2022
Þjónustubáttur:	Velferðartæknismiðja prófar og innleiðir nýja velferðartækni með skilvirkum hætti og veitir starfsfólki velferðarsviðs og borgarbúum þekkingu og ráðgjöf.
Stofnun/kostn.st.:	VEL 1130
Fjárhæð:	
Annað:	Sérstaklega var hugað að því hvernig aðgerðirnar hafa áhrif á eldri borgara af öllum kynjum og jaðarsetta hópa. Einnig fatlað fólk sem þarf aðstoð á heimilum sínum.

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Aðgerðir er varða; 1) Uppbygging starfsemi velferðartæknismiðju. 2) Prófanir og innleiðing velferðarlausna í þjónustu velferðarsviðs. 3) Fræðsla og vitundarvakning um notkun velferðartækni.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Allar aðgerðir voru skoðaðar m.t.t. þess hvernig þær virka fyrir eldri borgara af öllum kynjum og fatlað fólk af öllum kynjum.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Eldri borgara og fatlað fólk í Reykjavík og sérstaklega þá sem þurfa þjónustu frá borginni.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Innleiðing á velferðartæki á velferðarsviði stuðlar að því að starfsfólk gefi notendum af öllum kynjum tækifæri að nýta tæknina á heimilum sínum. Fólk sem áður hefur ekki fengist við heimilisstörf getur með aðstoð tækninnar tekist á við flókin verkefni sem auka sjálfstæði þeirra og lífsgæði.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Nei